

# Frétt frá stjórn Fjölskyldu- og styrktarsjóðs lækna

Á fundi stjórnar sjóðsins þann 6. desember sl. voru samþykktar nokkrar breytingar á reglum sjóðsins. Þær helstu eru:

1. Nafni sjóðsins var breytt til samræmis við nýjan kjarasamning sem gerður var á árinu 2006. Þá var í fyrsta sinn gerður samningur sem nær til bæði sjúkrahúslækna og heilsugæslulækna. Nokkrar lagfæringar eru gerðar vegna tilvitnana í nýjan samning.
2. Reglur sjóðsins hafa skv. 3. tl. 1. mgr. 3. gr. náð til lækna hverra launagreiðendur greiða iðgjöld til sjóðsins. Sú heimild hefur verið túlkuð þannig að sjálfstætt starfandi lækna geta átt aðild að sjóðnum ef þeir greiða sjálfir iðgjald launagreiðanda. Þessi heimild er áréttuð sérstaklega með nýrri 2. mgr. í 1. gr. þar sem segir berum orðum að reglurnar taki til sjálfstætt starfandi lækna sem hafa greitt iðgjald til sjóðsins. Í 5. gr., b. lið, er komið sérstakt ákvæði um hvernig iðgjald sjálfstætt starfandi lækna reiknast. Eins og fram kemur í 3. tl. 1. mgr. 3. gr. kemur fram að sjálfstætt starfandi lækna þurfa að sækja um aðild. Þær umsóknir berist skrifstofu félagsins. Iðgjald verður innheimt sérstaklega af skrifstofu félagsins.
3. Í 3. tl. 2. gr. er tekið fram sérstaklega að fæðingarstyrkur sé miðaður við að hann sé ætlaður til að mæta auknum kostnaði fjölskyldu vegna fæðingar barns. Þess vegna er ekki hróflað við því ákvæði að fjárhæð fæðingarstyrks breytist ekki þótt báðir foreldrar séu sjóðfélagar.
4. Í 4. tl. 2. gr. er komið nýtt ákvæði sem kveður á um að sjóðfélagar sem taka foreldraorlof skv. I. og VII. kafla laga nr. 95/2000 (heimildin er til 13 vikna fram að 8 ára aldri barns) fá styrk sem nemur 80% af þeim dagvinnulaunum sem niður falla hjá vinnuveitanda þann tíma sem foreldraorlof varir. Þessi styrkur er bundinn við foreldri þannig að ef báðir foreldrar eru sjóðfélagar eiga þeir báðir þennan rétt.
5. Í 5. tl. 2. gr. er komið nýtt ákvæði um útfararstyrki.
6. Í 1. tl. 1. mgr. 8. gr. er kveðið á um hvaða gögn þurfi að fylgja umsóknnum vegna nýrra styrkmöguleika.
7. Í 2. tl. 1. mgr. 8. gr. kemur nýtt viðmið vegna dagpeningagreiðslna. Í stað fastrar fjárhæðar fyrir hvern virkan dag er nú komið viðmið sem nemur 80% af meðalmánaðarlaunum (heildarlaun, dagvinna + yfirvinnugreiðslur/vaktageiðslur ofl.)

Athuga ber að í reglum þeim sem birtar eru með frétt þessari á eftir að uppfæra fjárhæðir þar sem það á við í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. 2. mgr. 8. gr.

## Reglur Fjölskyldu- og styrktarsjóðs lækna

### 1. gr.

Fjölskyldu- og styrktarsjóður lækna, hér eftir nefndur FOSL, er stofnaður með annars vegar kjarasamningi Læknafélags Íslands v/ sjúkrahúslækna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og St. Franciskusspítala dags. 2. júlí 2001 og hins vegar með úrskurði kjaranefndar vegna heilsugæslulækna dags. 4. desember 2001. Núgildandi reglur um fjölskyldu- og styrktarsjóð er að finna í kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og St. Franciskusspítala dags. 5. mars 2006.

Reglur þessar taka jafnframt til sjálfstætt starfandi lækna sem hafa greitt iðgjald til sjóðsins, sbr. 3. og 5. gr.

Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn.

Heimili og varnarþing sjóðsins er á starfstöð Læknafélags Íslands.

### 2. gr.

Hlutverk FOSL er skv. greindum kjarasamningi, sbr. 1., 2. og 3. tl. gr. 11.1.1:

1. að taka við iðgjöldum launagreiðanda og ávaxta þau,
2. að taka við umsóknnum, ákvarða og annast greiðslur til sjóðfélaga í fæðingarorlofi, þegar fyrir liggur samkvæmt útreikningum að viðkomandi hefði notið betri réttar skv. reglum kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 1. desember 1997 eða reglugerð nr. 410/1989 um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, er giltu um fæðingarorlof sjóðsfélaga fyrir gildistöku laga nr. 95/2000, en sjóðsfélagi nýtur skv. lögum nr. 95/2000. Skilyrði réttinda til greiðslna úr sjóðnum, er að lækni hafi á einhverjum tíma notið framangreindra réttinda til fæðingarorlofs eins og þau voru fyrir gildistöku laga nr. 95/2000. Uppgjör vegna barnsburðarleyfis getur eingöngu varðað lækni í starfi í samræmi við lög um fæðingarorlof nr. 95/2000 og reglur kjarasamnings dags. 1. desember 1997 / reglugerð nr. 410/1989 um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins.
3. að veita sjóðfélögum sem eignast barn, taka barn til ættleiðingar eða í varanlegt fóstur 1. janúar 2005 eða síðar sérstakan fæðingarstyrk að fjárhæð kr. 350.000. Fjárhæðin er sú sama þótt báðir foreldrar séu sjóðfélagar enda er miðað við að styrkurinn sé til að mæta auknum kostnaði fjölskyldu vegna fæðingar barnsins. Ef um fjölbura er að ræða hækkað fjárhæðin um 50% fyrir hvert barn.

Ef sjóðfélagi á rétt skv. 2. tl. þessarar greinar sem er meiri en sem nemur fæðingarstyrk fær sjóðfélagi ekki fæðingarstyrk. Ef sjóðfélagi á rétt skv. 2. tl. þessarar greinar sem er minni en sem nemur fæðingarstyrk fær sjóðfélagi fæðingarstyrk sem nemur mismuninum á rétti skv. 2. tl. og fullum fæðingarstyrk skv. þessum tl. Sjóðfélagi getur kosið að sækja eingöngu um fæðingarstyrk skv. 3. tl.

4. að veita sjóðfélögum sem taka foreldraorlof skv. I. og VII. kafla laga nr. 95/2000 styrk sem nemur 80% af þeim dagvinnulaunum sjóðfélaga sem niður falla hjá vinnuveitanda, þann tíma sem foreldraorlof varir.
5. að veita útfararstyrk vegna andláts sjóðfélaga að fjárhæð kr. 500.000. Með sjóðfélagi í þessu tilliti er einnig átt við starfsmenn sem voru sjóðfélagar er þeir létu af störfum vegna aldurs eða örorku. Styrkurinn greiðist þeim aðila er útförina annast.
6. Samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar er hlutverk sjóðsins að öðru leyti, að veita sjóðfélögum styrki, sjá. 8. gr., samkvæmt rökstuddri ákvörðun sjóðstjórnar hverju sinni, þannig að komið sé til móts við:
  - a) tekjutap sjóðfélaga vegna ólaunaðrar fjarveru frá lækni- og störfum vegna veikinda sjóðfélaga eða náinna vandamanna hans eða vegna annarra sérstakra persónulegra aðstæðna
  - b) óbætt áföll vegna óvæntra starfsloka eða annarra óvæntra áfalla sjóðfélaga.

### 3. gr.

Sjóðsaðild eiga:

1. lækna sem starfa samkvæmt kjarasamningi frá 5. mars 2006.
2. lækna, sem starfa á sjálfseignarstofnunum eða öðrum stofnunum, hjá félögum eða fyrirtækjum skv. starfskjarasamningum er taka mið af kjarasamningi lækna á hverjum tíma og launagreiðandi þeirra greiðir iðgjöld til sjóðsins, sbr. 5. gr.
3. aðrir lækna sem óska eftir aðild að sjóðnum og launagreiðandi þeirra greiðir iðgjöld til sjóðsins, sbr. 5. gr.

Réttindi til styrkja skulu vera bundin því starfshlutfalli, sem lækni gegnir á þeim tíma sem umsókn kemur fram, nema sérstakar aðstæður mæli gegn þeirri niðurstöðu að mati sjóðstjórnar.

Réttur til styrkúthlutunar úr sjóðnum er bundin því að iðgjald hafi verið greitt vegna sjóðfélaga í a.m.k. þrjá mánuði áður en tekjutap eða útgjöld, sem veita rétt til styrks úr sjóðnum, áttu sér stað. Sjóðstjórn getur vikið frá þessu skilyrði við sérstakar aðstæður sjóðfélaga.

Sjóðurinn bætir tímabundið tekjutap á vinnumarkaði. Réttur til framlags úr sjóðnum fellur niður þegar sjóðfélagi hættir störfum og iðgjöld hætta að berast sjóðnum, sbr. þó 5. tl. 2. gr.

Sjóðstjórn er þó heimilt í sérstökum tilvikum að veita lækni styrk úr sjóðnum allt að fimm árum eftir að lækni hætti störfum og iðgjöld bárust sjóðnum vegna starfa hans.

Sjóðstjórn getur hafnað umsókn sjóðfélaga skv. 6. tl. 2. gr. með rökstuðningi, hafi sjóðfélagi notið framlags úr sjóðnum samkvæmt þeirri heimild á síðustu tólf mánuðum fyrir dagsetningu nýrrar umsóknar til sjóðsins.

#### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur fulltrúum sjúkráhlækna og einum fulltrúa heilsugæslulækna tilnefndum af stjórn Læknafélags Íslands til þriggja ára í senn og skal formaður tilnefndur sérstaklega.

Stjórnin skiptir með sér verkum.

Um hæfi stjórnarmanna til meðferðar einstakra mála fer eftir ákvæðum stjórnarsýslu- laga á hverjum tíma. Reynist stjórnarmaður vanhæfur til meðferðar einstaks máls skal stjórn Læknafélags Íslands tilnefna staðgengil hans til meðferðar málsins.

Stjórnarsamþykkt er lögleg ef a.m.k. þrjú stjórnarmanna greiða henni atkvæði. Sjóðstjórn ber að rökstyðja niðurstöður sínar og afgreiðslu umsókna til sjóðsins í fundargerð, sem skal rituð á fundum stjórnar. Niðurstaða stjórnar er endanleg afgreiðsla máls.

Stjórnarfundir skulu haldnir svo oft sem þurfa þykir, - þó a.m.k. fjórum sinnum á ári. Umsóknir skulu afgreiddar innan átta vikna frá því að þær berast skrifstofu sjóðsins.

Skýrsla stjórnar sjóðsins, ásamt reglum sjóðsins skal birt í Læknablaðinu þegar endurskoðaðir reikningar sjóðsins liggja fyrir.

#### 5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- Iðgjöld launagreiðanda, nema 0,41% af heildarlaunum sjóðsfélaga, sbr. kjarasamning félagsins frá 5. mars 2006. Iðgjaldið skal greitt mánaðarlega eftirá skv. útreikningi launagreiðanda.
- Iðgjöld sjálfstætt starfandi lækna, nema 0,41% af reiknuðu endurgjaldi sjóðfélaga skv. reglum ríkisskattstjóra.
- Vextir og verðbætur af innstæðum sjóðsins.
- Aðrar tekjur.

#### 6. gr.

Sjóðurinn greiðir allan kostnað af starfsemi sinni.

Stjórn sjóðsins hefur umsjón með sjóðnum og mælir fyrir um ávöxtun hans.

Læknafélag Íslands annast, með samningi við stjórn sjóðsins, almenna afgreiðslu fyrir sjóðinn, færslu bókhalds, undirbúning þess í hendur endurskoðanda og uppgjör opinberra gjalda vegna fyrirgreiðslu sem sjóðurinn veitir sjóðfélögum.

#### 7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Löggiltir endurskoðendur Læknafélags Íslands endurskoða reikninga sjóðsins. Skal

endurskoðandi senda stjórn sjóðsins reikningana, með áritun sinni og athugasemdum fyrir 1. apríl ár hvert. Reikningarnir skulu jafnframt, ásamt skýrslu stjórnar, lagðir fram til kynningar á aðalfundi Læknafélags Íslands.

Skýlt er að senda launagreiðendum, sem greiða til sjóðsins, endurskoðaða reikninga sjóðsins.

#### 8. gr.

Starfsreglur um afgreiðslu umsókna og úthlutun styrkja:

- 1) Sækja þarf um framlög og styrki til sjóðsins á sérstöku umsóknareyðublaði.

Nauðsynleg gögn skulu fylgja umsókn í frumritum eða staðfestum afritum, s.s. læknisvottorð, vottorð launagreiðanda eða verkkaupa eftir atvikum og önnur vottorð er varða erindið. Reikningar, sem framvísað er, skulu bera með sér nafn umsækjanda. Með umsókn um uppgjör vegna fæðingarorlofs skulu öll sömu gögn fylgja umsókn til sjóðsins og beint er til Fæðingarorlofsjóðs skv. lögum nr. 95/2000. Með umsókn um fæðingarstyrk verður sjóðfélagi að skila til sjóðsins staðfestingu um fæðingu barns, ættleiðingu eða að barn sé tekið í varanlegt fóstur. Með umsókn um foreldraorlof skal fylgja staðfesting vinnuveitanda um að hann hafi samþykkt foreldraorlof, lengd þess og tilhögun, og upplýsingar um dagvinnulaun starfsmanns. Ef um sjálfstætt starfandi lækni er að ræða þarf staðfestingu skattýfirvalda um að greiðsla reiknaðs endurgjalds hafi fallið niður þann tíma sem fæðingarorlof varir. Með umsókn um styrk vegna útfarar skal fylgja dánarvottorð og staðfesting á því hver annast útför.

Stjórn sjóðsins getur óskað frekari gagna til upplýsinga um málsatvik hjá umsækjanda, telji hún þörf á því. Stjórn sjóðsins vinnur úr umsóknum og kynnir umsækjendum niðurstöður bréflaga og með rökstuðningi með vísan í reglur sjóðsins eða mat stjórnar.

- 2) Styrkir skv. 6. tl. 2. greinar.

Sjóðstjórn er heimilt að ákveða styrk til sjóðfélaga vegna ólaunaðrar fjarveru hans frá vinnu með jöfnum greiðslum í allt að þrjá mánuði: sem nemur 80% af meðalmánaðarlaunum sem greitt hefur verið af til sjóðsins, miðað við undangengna 12 mánuði áður en tekjutap á sér stað.

Sjóðstjórn er heimilt að veita sjóðfélagi styrk úr sjóðnum með eingreiðslu allt að kr 624.000,- vegna sérstakra aðstæðna sem hafa í för með sér launamissi eða veruleg sérstök fjárútlát sjóðfélaga.

Fjárhæð þessi, sem og skv. 3. og 5. tl. 2. gr., skulu endurskoðaðar 1. janúar ár hvert m.v. breytingar á vísitölu neysluverðs, - í fyrsta skipti 1. janúar 2006 (skv. 5. tl. í fyrsta skipti 1. janúar 2007).

Af greiðslum til sjóðfélaga í fæðingarorlofi og af styrkjum, sem veittir eru skv. 3., 4., 5. og 6. tl. 2. greinar, ber sjóðnum að halda eftir og skila staðgreiðsluskatti og af greiðslum í fæðingarorlofi ber sjóðnum að halda eftir og skila lífeyrissjóðsframlagi sjóðfélaga og greiða og skila mótframlagi sjóðsins til lífeyrissjóðs viðkomandi, m.a. samningsbundnu viðbótarframlagi sé eftir því óskað.

#### 9. gr.

Liggja fyrir lögmat ákvörðun um að leggja sjóðinn niður skal stjórn hans taka ákvörðun um ráðstöfun eigna sjóðsins með almenna hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi.

#### 10. gr.

Sjóðstjórn skal endurskoða reglur sjóðsins fyrir 1. apríl 2004 og síðan a.m.k. á fimm ára fresti.

#### 11. gr.

Pannig samþykkt í stjórn Fjölskyldu- og styrktarsjóðs sjúkráhlækna og heilsgæslulækna á fundum stjórnar að Hlíðasmára 8, Kópavogi hinn 11. desember 2001, 10. desember 2002, 5. apríl 2004, 30. nóvember 2005 og 6. desember 2006.

Reglur þessar taka þegar gildi og breytingar samþykktar 6. desember 2006 taka gildi 1. janúar 2007.